

Reykjavík, 25. febrúar 2023

Siðanefnd HRFÍ hefur tekið fyrir mál nr. 03/2022

HRFÍ

gegn xx

I. Málavextir

Siðanefnd HRFÍ barst kæra þess efnis að við skráningu á hvolpum fæddum þann 07.08.2021 kom í ljós að xx tíkin xx, fædd 04.06.2020, var aðeins 12 mánaða við pörun þann 06.06.2021. Eigandi tíkarinnar og ræktandi gotsins er: xxx, xx.

Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dags. 6. júní 2022 og gefinn var fjögurra vikna andmælafrestur. Andmæli bárust frá kærðu 9.júní í þeim andmælum er ljóst að þau passa ekki við þetta tiltekna mál, kærðu var því gefin fjögurra vikna frestur til að koma á framfæri frekari andmælum með bréfi dags. 19. desember 2022. Andmæli frá kærðu bárust síðan aftur 29. desember s.l. í þeim andmælum kemur fram hvernig rakkinn á heimilinu hafi brotist út úr buri og náð að fara á tíkina, það kemur einnig fram að leitað hafi verið eftir áliti dýralækna og að haft hafi verið samband við xx á skrifstofu HRFÍ vegna þessa.

II. Úr reglugerð um ættbókarskráningu

4. Lágmarksaldur tíka við pörun er 24 mánuðir, nema annað sé tekið fram í kafla 10 um skilyrði ræktunar einstakra hundakynja.

III. Forsendur og niðurstaða

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og nota aðeins til ræktunar viðurkennda hunda og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn.

Þær lýsingar sem koma fram í andmælum frá kærðu á því hvernig það atvikaðist að xx tíkin xxx, fædd 04.06.2020 paraðist aðeins 12 mánaða og hvað var ákveðið í framhaldi af því þ.e. að tíkin skyldi eignast hvolpana getur ekki breytt niðurstöðu málsins.

Kærða telst hafa gerst brotleg við ákvæði 4. mgr. 5. gr. regla um skráningu í ættbók með því að hafa ekki virt reglur um lágmarksaldur tíka.

Þar sem ekki er um að ræða fyrstu áminningu kærðu hlýtur kærða alvarlega áminningu.

f.h. siðanefndar HRFÍ,

Arnheiður Runólfsdóttir

Brynja Kristín Magnúsdóttir

Selma Olsen